



FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

12. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 8. júní 2021 kl. 20,30 í Búðarstíg 22 og framhaldið að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt var nefndin öll þau Árni Eiríksson, Eyþór H. Ólafsson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Grímur Jónsson sat fundinn undir 1. lið. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Staða framkvæmda. Bygginganefndin gekk um Búðarstíg 22 ásamt safnstjóra og byggingastjóra. Á þeim tveimur mánuðum sem liðnir eru frá síðasta fundi hefur margt verið gert og framkvæmdir á lokametrunum. Verið er að setja skilrúm á snyrtingar og langt komið með annað í skrifstofuálmu. Varðveislusalir eru tilbúnir til notkunar. Raflagnir hafa tafist vegna mikilla anna hjá verktaka en stefnt er að verklokum þeirra í næstu viku. Ýmislegt smálegt er eftir og brátt verða gardínur settar upp í skrifstofuálmu og varðveislustofum miðrýmis. Píparar eiga líka eftir vinnu við frágang í lagnaerbergi. Eftir er frágangur fyrir framan aðalinngang hússins.

2. Fjárhagsleg staða. Safnstjóri lagði fram yfirlit um stöðu byggingareiknings 7. maí 2021 og áætlun um endanlegan kostnað við framkvæmdir. Frá 1. mars 2020 hefur verið framkvæmt fyrir 146,3 milljónir króna. Búið er að biðja um framlag þessa árs frá ríkissjóði. Ókominn er virðisaukaskattur af vinnu iðnaðarmanna á verkstað vegna vinnu þessa árs. Á meðan þessi staða er nýtir safnið yfirdrátt á reikningi safnsins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21,45.

Árni Eiríksson

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Eyþór H. Ólafsson

Eggert Valur Guðmundsson

Lýður Pálsson